

## 25 ára útskriftarafmæli



### Menntaskólinn í Reykjavík - útskriftarárgangur 1986

Kæru skólasystkini

Nú þegar 25 ár eru síðan við settum upp stúdentshúfurnar er tilefni til þess að gleðjast saman. Sett hefur verið saman eftirfarandi dagskrá laugardaginn 28. maí n.k. og er það von okkar að allir sem vettlingi geta valdið drífi sig og taki þátt í hátfðahöldunum.

#### Dagskrá laugardaginn 28. maí 2011:

1. Mæting í MR kl. 16.30 þar sem gengið verður um skólann undir leiðsögn rektors Yngva Péturssonar
2. Fordrykkur í Iðnó kl. 17.30
3. Klukkan 19.00 verða rútuferðir út Iðnó á Broadway þar sem útskriftarball MR er haldið

Venja er að 25 ára útskriftarárgangar færi skólanum gjöf. Óskað var eftir hugmyndum frá rektor um hvað kæmi skólanum best og var það mál manna að fé til Selsins væri kærkomnast. Selið er nú nýuppgert en húsgagnakaup og annað slíkt er á döfinni. Því er það tillaga okkar að óska eftir framlagi jubilanta að upphæð á bilinu kr. 5000-10.000. Ef stúdentar hafa tök á að færa skólanum stærri gjöf væri það að sjálfsögðu vel þegið til að styrkja okkar gamla góða skóla.

Reikningur sem leggja skal inn á er: 537-18-450551, kt. 051266-8119. Jafnframt kostar þátttaka í fordrykk í Iðnó og rútuferð kr. 2000 á mann. Vinsamlegast sendið bekkjarformanni afrit af innleggi í tölvupósti með skýringu svo hægt sé að halda utan um greiðslur. Mikilvægt er að undirbúa gjöf til skólans í tíma og eru stúdentar því góðfúslega beðnir að leggja inn framlag vegna hátiðarhaldanna (gjöf+fordrykkur) fyrir 1. maí n.k.

Miðar á útskriftarballið verða seldir og auglýstir þegar nær dregur (miðaverð áætlað kr. 7500) en stúdentar eru beðnir að láta bekkjarformann vita um mætingu svo hægt sé að áætla hversu margir koma í fordrykk og ball eða annað hvort. Að lokum skal minnt á að stofnuð hefur verið facebook síða fyrir hópinn og eru allir hvattir til að gerast vinir og fylgjast með tilkynningum á síðunni <http://www.facebook.com/#/group.php?gid=39892930869>. Aðgangur að síðunni er opinn og eru allir hvattir til að deila skemmtilegum myndum og minningum þar inn.

Með kærri kveðju,

Undirbúningsnefndin (6. bekkjarráð og aðrir sjálfboðaliðar)